



S U M M A

## Reglur um flokkun viðskiptavina

Samþykkt af: Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.  
Samþykkt: 20. júní 2024

### 1. Markmið og gildissvið

Reglur Summu Rekstrarfélags hf., (hér eftir nefnt „**Summa**“), um flokkun viðskiptavina eru settar í samræmi við 51. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Flokkun viðskiptavina er mikilvæg sökum þess að réttarvernd sem viðskiptavinir njóta samkvæmt lögum er mismunandi eftir því hvaða fjárfestaflokki þeir tilheyra, þ.e. hvort þeir eru almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar.

Markmið þessarar reglna er að tryggja samræmt verklag við flokkun viðskiptavina Summu í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga og skilgreina skilyrði sem uppfylla þarf ef viðskiptavinir óska eftir breyttri flokkun.

### 2. Flokkun viðskiptavina

Samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 geta viðskiptavinir fallið í þrjá mismunandi flokka; almennur fjárfestir, fagfjárfestir og viðurkenndur gagnaðili.

Skilgreiningu á einstökum flokkum viðskiptavina er að finna í 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nánar tiltekið:

- Fagfjárfestar sbr. 14. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna
- Viðurkenndir gagnaðilar sbr. 73. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna
- Almennir fjárfestar sbr. 5. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna

Sérhver viðskiptavinur skal flokkaður við upphaf viðskiptasambands við Summu. Niðurstaða flokkunar hefur áhrif á skyldur Summu og fjárfestavernd viðskiptavinar samkvæmt lögum.

Sami viðskiptavinur getur verið flokkaður í tvo mismunandi flokka. Viðskiptavinur getur t.d. verið flokkaður sem fagfjárfestir þegar kemur að viðskiptum með skuldabréf og skráð bréf en sem almennur fjárfestir að því er varðar viðskipti með óskráð bréf.

### Fagfjárfestar

Fagfjárfestir er viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 teljast eftirfarandi aðilar vera fagfjárfestar:

- Lögaðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
- Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
  - heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 milljón evra í íslenskum krónum eða hærri,
  - hrein ársvelta er jafnvirði 40 milljón evra í íslenskum krónum eða meiri,
  - eigið fé er jafnvirði 2 milljóna evra í íslenskum krónum eða meira.



# SUMMA

- c) Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
- e) Aðilar sem Summa hefur samþykkt sem fagfjárfestar skv. 54. gr.

Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Summu um breytingar sem geta haft áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Þá ber Summu að grípa til viðeigandi aðgerða verði því kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

Summa skal upplýsa fagfjárfesti um rétt hans til að óska eftir því að vera flokkaður sem almennur fjárfestir. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjárfesti að gert sé skriflegt samkomulag við Summu um að hann verði ekki flokkaður sem fagfjárfestir. Í samkomulaginu skal tilgreint hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

Þegar aðili sem ekki telst vera fagfjárfestir óskar eftir því að vera flokkaður sem slíkur, sbr. 54. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, metur Summa sérfræðikunnáttu hans, reynslu og þekkingu svo að nægileg víska sé fyrir því að viðkomandi geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Auk þess verður viðskiptavinur að uppfylla að minnsta kosti tvö eftirfarandi skilyrða sem talin eru upp í 54. gr. laganna:

- a) að hafa átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali að minnsta kosti tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi;
- b) verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis nemi samanlagt meira en að jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni;
- c) að fjárfestir gegnir eða hafi gegnt í að minnsta kosti eitt ár stöðu í fjármálagæranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.

Vakin er sérstök athygli á því að mat við flokkun fagfjárfesta eftir beiðni er samkvæmt ofangreindu tvíþætt, það er fyrst þarf að fara fram sjálfstætt mat á því hvort að sérfræðikunnátta, reynsla og þekking sé nægjanleg og að því loknu þarf að meta hvort að viðskiptavinurinn uppfylli a.m.k. tvö ofangreindra skilyrða.

## Viðurkenndir gagnaðilar

Viðurkenndir gagnaðilar eru þeir aðilar sem falla undir a-, b- eða c-lið skilgreiningarinnar á fagfjárfestum í 14. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021.

Flokkun viðskiptavinar sem viðurkennds gagnaðila hefur í för með sér að Summu er heimilt skv. 55. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 að eiga viðskipti við þann viðskiptavin án þess að fullnægja þeim verndarskilyrðum sem mælt er fyrir um í 33. gr., 1., 4. og 6.–9. mgr. 34. gr., 35.–41. gr., 44. gr., 45. gr., 1., 6. og 7. mgr. 46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laganna. Viðurkenndum gagnaðila er þó ávallt heimilt að óska eftir að Summa fari eftir framangreindum reglum í viðskiptum við hann.

Summa skal, áður en það á viðskipti við viðurkennda gagnaðila, afla fyrir fram staðfestingar frá viðkomandi aðila um að hann samþykki að farið sé með hann sem viðurkenndan gagnaðila í þeim viðskiptum. Summu er heimilt að afla almenns samþykkis einu sinni eða sérstaks samþykkis fyrir hver viðskipti.

Summa skal starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samskiptum sínum við viðurkennda gagnaðila og miðla upplýsingum á sanngjarnan, skýran og ekki villandi hátt, að teknu tilliti til eðlis hinna viðurkennda gagnaðila og starfsemi þeirra.

## Almennir fjárfestar

Almennir fjárfestar eru þeir aðilar sem ekki teljast fagfjárfestar (hvort sem þeir fagfjárfestar teljast einnig viðurkenndir gagnaðilar eða ekki).



# SUMMA

Almennir fjárfestar njóta mestrar fjárfestaverndar samkvæmt fyrirmælum laga um markaði með fjármálagerninga.

Almennum fjárfestum er heimilt að óska skriflega eftir því að verða flokkaðir sem upphækkaðir fagfjárfestar og hvort þeir óski eftir að hafa slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Við slíka flokkun afsalar viðskiptavinur sér hluta réttinda sinna og fjárfestaverndar sem hann nýtur að lögum. Summa upplýsir viðskiptavin skriflega um þá réttarvernd og bótarétt sem hann kann að verða af við slíka flokkun og skal viðskiptavinur undirrita staðfestingu um að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa þá réttarvernd.

Til þess að beiðni um færslu í flokk fagfjárfesta verði tekin til greina verður viðskiptavinur að veita Summu ákveðnar upplýsingar og er slík flokkun ávallt háð samþykki Summu sbr. það sem ofan greinir í reglum þessum.

### *3. Eftirlit, gildistaka og endurskoðun*

Regluvörður og innri endurskoðun hafa eftirlit með því að þessum reglum sé framfylgt. Reglur þessar skal endurskoða hvenær sem tilefni þykir til og jafnan árlega. Reglurnar taka gildi við undirritun stjórnar.

*Samþykkt af stjórn Summu Rekstrarfélags hf. þann 20. júní 2024*